

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS

Skúlatúni 2 • 105 Reykjavík • Sími 520 7150 • Fax 520 7171
Netfang: stadlar@stadlar.is • Veffang: www.stadlar.is

ÍSLENSKIR
STAÐLAR



Reykjavík 19. júní 2015

Faxaflóahafnir
Gísli Gíslason, Hafnarstjóri
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

Efni: Beiðni um stuðning við íslenska þýðingu á stöðlunum *ISO EN ISO 9000:2015 Quality management systems – Fundamentals and vocabulary* og *ISO EN ISO 9001:2015 Quality management systems – Requirements*.

Áætlað er að ný útgáfa alþjóðlegu gæðastjórnunarstaðlanna ISO 9001 *Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur* og ISO 9000 *Gæðastjórnunarkerfi – Grunnatriði og íðorðasafn* komi út í lok þessa árs. Staðlaráð Íslands hefur hug á að gefa staðlana út bæði á ensku og íslensku, líkt og gert hefur verið með fyrri útgáfur. Til að gera það mögulegt var ákveðið að leita til valinna aðila og bjóða þeim að styrkja íslensku þýðinguna, gegn því að stuðningsins verði getið með áberandi hætti í kröfustaðlinum (ISO 9001), að minnsta kosti næstu fimm árin eða meðan staðallinn er í gildi.

Óskað er eftir fjárframlagi að upphæð 100.000 kr.

Stuðningsins yrði t.d. getið þannig fremst í staðlinum:

„Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir styrktu íslenska þýðingu þessa staðals:

[Upptalning á fyrirtækjunum í stafrófsröð]“

Ef áhugi er fyrir því að leggja útgáfunni lið með þessum hætti, þá vinsamlega hafðu samband við undirritaðan í síma 520 7150 eða sendu tölvupóst á arngrimur@stadlar.is. Undirritaður veitir einnig frekari upplýsingar um verkefnið.

Kær kveðja,

Fagstjórn Staðlaráðs í gæða- og umhverfismálum
Arngrimur Blöndahl ritari